

Ágætu íbúar, hvíldargestir og aðstandendur.

Fljótt skipast veður í lofti. Fyrir viku ríkti bjartsýni í samfélaginu, en nú hefur staðan því miður breyst til hins verra. Neyðarstjórn Hrafnistu hefur alltaf haft þann fyrirvara, þegar létt hefur verið á heimsóknarreglum, að aðstæður gætu breyst hratt og það er að gerast núna.

Frá og með deginum í dag, fimmtudaginn 25. mars, verða gerðar neðangreindar breytingar á heimsóknarreglum Hrafnistuheimilanna.

- **Tveir gestir** hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa daglega.
- Börn undir 18 ára hafa **ekki** leyfi til að koma í heimsókn.
- Mikilvægt er að virða fjöldatakmörkanir í samfélaginu, **en að hámarki mega 10 manns koma saman**. Mikilvægt er að hafa í huga að börn fædd fyrir 2015 eru inn í 10 manna fjöldatakmörkunum. Því biðlum við til ykkar að hugsa ykkur vel um áður en íbúi fer út af heimilinu.

Munið að sýna ýtrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun. Þeir sem eru komnir með vörn fyrir Covid geta borið veiruna á höndum sér og smitað þannig aðrar.

Neðan greindar reglur eru óbreyttar:

Hrafnistuheimilin opin fyrir heimsóknir alla daga frá kl 13:00 – 20:00.

- Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- Vinsamlega farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- **ALLS EKKI ER HEIMILT** að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna.
- Virðið 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
- **Undanþága frá reglum um fjölda í heimsókn hverju sinn þ.e. 2 í einu, er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.**
- Íbúum er áfram heimilt að fara út í garð og í gönguferðir með sínum nánustu, en einnig er heimilt að fara með íbúa út af heimilinu í bílferðir eða heimsóknir.

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Hrafnistu ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.

*Með vinsemd og virðingu,
Neyðarstjórn Hrafnistu*